

Nd.

104. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 35 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsg.::

Á byggingarsjóði hvíla skyldur þær, sem nýbýlasjóður og byggingarsjóður hafa sameiginlega samkvæmt 21. gr. laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og 4. gr. laga nr. 108 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum er ákveðið, að nýbýlasjóður og byggingarsjóður greiði að $\frac{1}{3}$ hvor verð fyrir veggjamót, vélar og verkfæri, sem síðar endurgreiðist úr rikissjóði.

Á sama hátt er ákveðið með lögum um byggingarsamþykktir, að nýbýlasjóður og byggingarsjóður greiði að $\frac{1}{3}$ hvor laun byggingarfulltrúanna.

Út af þessu hefur orðið nokkur ágreiningur, af því að nýbýlasjóður var lagður undir byggingarsjóð með lögunum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, en ekkert ákveðið um þessa skyldu, sem allir munu þó hafa gert ráð fyrir, að yfirfærðist að fullu á byggingarsjóð, sem tekið hefur við öðrum verkefnum nýbýlasjóðs. Til þess að þetta sé skýrt, er þetta frumvarp flutt.